

**Nd.**

**516. Breytingartillögur**

**[5. mál]**

við frv. til útvarpslaga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Við 3. gr. 2. tölul. orðist svo:  
Sveitarstjórnir á svæðum, þar sem stofna skal útvarpsstöð, hafi átt kost á að veita um það umsögn til útvarpsréttarnefndar.
2. Við 3. gr. 3. tölul. orðist svo:  
Óheimilt er að veita erlendum aðilum leyfi til útvarpsrekstrar eða félagi eða stofnun sem útlendingar eiga hlut í.
3. Við 3. gr. 8. tölul. orðist svo:  
Óheimilt er að aðrir aðilar en félag það, sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar, kosti almenna dagskrárgerð viðkomandi útvarpsstöðvar. Að minnsta kosti helmingur af útsendu efni skal tekinn saman eða framleiddur af viðkomandi leyfishafa.
4. Við 4. gr. Greinin orðist sem hér segir:  
Óheimilt er útvarpsstöðvum, sem fengið hafa tímabundið leyfi skv. 3. gr., að afla tekna með verslunar- og viðskiptaauglýsingum.

Afnotagjöld til slíkra stöðva má innheimta samhliða afnotagjöldum til Ríkisútvarpsins til að auðvelda þeim tekjuöflun sem fengið hafa tímabundið leyfi til útvarpsrekstrar. Útvarpsréttarnefnd setur reglur um slíka innheimtu í samvinnu við útvarpsráð.

5. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar gr. er orðist svo:

a. (5. gr.)

Til að stuðla að því, að aðrir en fjársterkir aðilar geti ráðist í útvarpsrekstur skv. 3. gr. og að sem fjölbreyttust reynsla fái af rekstri útvarps á afmörkuðum svæðum, skal ríkissjóður leggja útvarpsréttarnefnd til allt að 10 milljónum króna árlega skv. fjárlögum næstu þriggja ára, 1986—1988, miðað við verðlag 1. janúar 1985. Þessum fjármunum skal varið á eftirfarandi hátt:

a. Til kaupa á útsendingabúnaði sem útvarpsréttarnefnd festir kaup á að fengnum umsóknum frá útvarpsstöðvum er leyfi fá skv. 3. gr., samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð er menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum útvarpsréttarnefndar.

b. Til að koma upp í hverjum landshluta vel búnu útvarpsveri sem útvarpsréttarnefnd veitir útvarpsleyfishöfum aðgang að gegn viðráðanlegu leigugjaldi að undangengnu mati á þörfum viðkomandi aðila. Þó skal þess gætt að enginn einn aðili fái rétt til nota af slíku veri nema takmarkaðan tíma í viku hverri skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Ríkisútvarpið telst eigandi búnaðar og aðstöðu skv. a- og b-lið. Heimilt er Ríkisútvarpinu að selja útsendingabúnað skv. a-lið til útvarpsstöðva að þremur árum liðnum og skal söluandvirði þá renna í sérstakan Menningarsjóð útvarpsstöðva er styrki innlenda dagskrágerð.

b. (6. gr.)

Dreifikerfi útvarpsstöðva um þráð, kapalkerfi, boðveitur, svo og endurvarpsstöðvar, skulu vera í opinberri eigu. Samgönguráðherra setur reglur um gerð og notkun slíkra kerfa, svo og um leigugjald.

6. Við 10. gr. er verði 12. gr. Aftan við 1. mgr. komi: Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi.

7. Við 12. gr. Í stað 1. málgr. komi:

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra til 5 ára í senn en að þeim tíma liðnum skal staða hans auglýst á ný laus til umsóknar. Heimilt er að endurráða sama mann í starfið í 5 ár til viðbótar.

Útvarpsstjóri annast rekstur Ríkisútvarpsins sér um fjárhag þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

8. Við 14. gr. Í stað orðsins „Útvarpsstjóri“ í upphafi 3. másl. 2. mgr. komi: Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins.

9. Við 14. gr. Við gr. bætist ný mgr. er orðist svo:

Útvarpsráð skal beita sér fyrir reglubundnum könnunum á því hvernig hlustað er á hljóðvarp og horft á sjónvarp, jafnt varðandi Ríkisútvarpið sem og aðrar útvarpsstöðvar er leyfi fá skv. 3. gr.

10. Við 15. gr. Síðasta málsg. orðist þannig:

Starfsmenn Ríkisútvarpsins, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra til 5 ára í senn að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

11. Á eftir 15. gr. komi ný gr. er verði 18. gr. og orðist svo:

Við Ríkisútvarpið skal komið á fót starfsmannaráði sem er ráðgefandi um málefni stofnunarinnar. Fulltrúi starfsmannaráðsins á rétt til setu á fundum útvarpsráðs með málfrelsi og tillögurétti. Um réttindi og skyldur starfsmannaráðs fer að öðru leyti eftir almennum reglum um hliðstæð ráð í opinberum stofnunum.

12. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Tímabundin leyfi til útvarps, sem veitt verða í fyrsta sinn samkvæmt ákvæðum 3. gr., má ekki veita til lengri tíma en þriggja ára. Engin slík leyfi taka gildi fyrr en frá og með 1. janúar 1986.

Útvarpsréttarnefnd skal árlega gefa Alþingi skýrslu um framkvæmd og reynslu af ákvæðum I. kafla laga þessara, í fyrsta sinn í ársbyrjun 1987.

Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra. Í því skyni kýs Alþingi haustið 1987 nefnd sem vinna skal að endurskoðun laganna.